

Ed.

158. Frumvarp til laga

[90. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Aftan við XX. 110 (Vatnsendaprestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi) í 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er kirkjustjórninni að selja Vatnsenda og flytja prestssetrið á hentugri stað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt fyrir tilmæli prestsins í Vatnsendaprestakalli, séra Stefáns Lárussonar, og ýmissa manna í sóknum hans. Telur presturinn og þessir menn, að prestssetrið eigi að flytja frá Vatnsenda á hentugri stað. Prófastur héraðsins er einnig á sömu skoðun.

Jörðin Vatnsendi þykir óhentug fyrir prestssetur. Aðstaða hennar til akvega er hvítleið, einkum á vetrum, og rafmagn fæst ekki þangað frá héraðsveitu.

Astand húsa á jörðinni er slæmt. Íbúðarhúsið þarfnast mikillar aðgerðar og getur þó aldrei með aðgerð orðið þannig, að það þyki sem embættisbústaður fullnægja nútímakröfum. Útihúsin eru — að heita má — ónothæf orðin.

Æskilegt er — eins og farið er fram á með frumvarpinu — að kirkjustjórnin fái heimild til að selja Vatnsenda og útvega annað prestssetur hentugra. Slík heimild er í lögnum fyrir, að því er snertir Hvítanes í Ögurþingum í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.